

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 195,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 25, 2. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A. Samkvæmt magnhemli kr. 925,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 41,85 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna) þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umfram magni sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu skv. mati hitveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimædargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimædargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum (fjósom) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald.

Heimæðargjöldin eru miðuð við þátttöku húseigenda í stofnkostnaði heildarveitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitunni eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu: (Húsnæðið hefur verið hitað með vatnskerfi) $H_a = F_a + B_a \times V$
- Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. V táknar rúmmál (utan) viðkomandi húsnæðis í m^3 . F táknar fastagjald í krónum. B_a táknar gjald á hvern rúmmetra í krónum.
- Miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í mars 1985 verður $F_a = 33\,580,00$ kr., $B = 34,95$ kr/ m^3 .
- b) Af nýju húsnæði og breytingu/endurbbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðargjald samkvæmt jöfnu í a-lið, en samkvæmt byggingarvísitölu reiknast $F_b = 41\,860,00$. $B_b = 49,10/m^3$ í þessum gjaldskrárlíð.
- c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt a og b lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{S - k - 0,02 \times S}{0,08}$$

H táknar hér heimæðargjald fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. S táknar stofnkostnað lagna að viðkomandi húseign en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseigna í þeim.

K táknar áætlaðan sparnað í kyndingarkostnaði viðkomandi húsnæðis og $0,02 \times S$ er reksturs- og viðhaldskostnaður viðkomandi lagna. Þetta heimæðargjald er við það miðað að arðsemi allrar viðbótarfjárfestingar hitaveitunnar sé minnst 8% og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en um segir í a og b lið.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðargjöldum, reiknað samkvæmt ofangreindri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal þá heimæðargjald reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{F_a \times n + B_a V_n} \times (F_a + B_a \times V)$$

H_n táknar samanlögð heimæðargjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði, reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi. N táknar fjölda heimæða eða hemlagrinda. V_n samanlagt rúmmál (utan) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði.

H og V tákna eins og um er getið í a og b lið.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðargjalds þegar hafin er lagning dreifiaða og götuæða veitukerfis sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna-æða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er breytt og tengt hitaveitu inna 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarendi húsnæði samkvæmt b lið 7. gr.

Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% heimæðargjalds við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis. Eftirstöðvar skal greiða við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma. Gjaldfrestur eftirstöðva verði þó ekki lengri en tvö ár frá útgáfu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðargjöld vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðargjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 115, 24. febrúar 1986 með gildistöku 1. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.